

Meðal efnis:

Parf ég lyfjaskírteini?	4
Samsett lyf við astma.....	5
Hundar og kettir í fjölbýli.....	8
Fæðuofnæmi; nýjar greiningaraðferðir	10
Bláberjamuffins.....	12
Ávaxtaterta.....	13
Döðlukaka Sólveigar.....	13
Eplabaka.....	13
Hrisgrjónabúðingur	14
Ávaxtaorkustangir.....	14
Grænmetisfylltar	14
Paprikur	14
Rauð linsusúpa	15
Frönsk fiskisúpa	15
Svefn barna og áhrif veikinda á hann.....	17
Aukakílóin geta valdið astma.....	20

**Astma- og ofnæmisfélagið þakkar
Lyfjavalí veittan stuðning við útgáfu
þessa blaðs.**



Ert þú búin(n) að sækja um lyfjaskírteini ?

Líklegast eru um 20.000 Íslendingar með astma. Engin úrræði eru við þessum sjúkdómi önnur en lyfjagjöf. Margir astmasjúklingar verða að taka inn lyf sín daglega svo að þeir geti tekist á við lífið. Á síðari árum hafa komið á markaðinn afar kröftug lyf sem gera vel flestum astmasjúklingum kleift að lifa ágætis lífi án teljandi óþæginda. Þess vegna hljótum við astmasjúklingar að hafa talsverðar áhyggjur af því þegar stjórnvöld grípa til róttækra aðgerða sem miðast að því að draga úr greiðsluþátttöku nýrri lyfja og beina notkuninni að einfaldari og ódýrari lyfjum. Þann 1 janúar síðastliðinn gengu í gildi nýjar reglur um greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga



við kaup á astmalyfjum. Greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga Íslands tekur nú mið af ódýrustu lyfjunum í lyfjaflokknum berkjuvíkkandi lyf og önnur lyf til innúðunar gegn teppusjúkdómum. Markmið Sjúkratrygginga með þessum aðgerðum er að stýra kaupum á lyfjum frá dýrari lyfjum yfir í ódýrari lyf. Stefna stofnunarinnar er að að byrja sé á að ávísa á ódýrari lyfin og sjá hvort þau dugi. Talið er að í flestum tilvikum geri þau það. Astma og ofnæmisfélagið hefur fullan skilning á því að það þurfi að spara í heilbrigðiskerfinu eins og annarstaðar. Hinsvegar er það umhugsunarefni hvort þessi sparnaður vegna minni greiðsluþátttöku á astmalyfjum skili sér þegar upp er staðið. Hefur veikindadögum astmasjúklinga fjölgað? Eru innlagnir á sjúkrahús vegna astma tíðari? Hafa lífsgæði astmasjúklinga versnað? Vonandi er það ekki svo, en ef svo er þá þarf að endurskoða aðgerðir Sjúkratrygginga er varða minni greiðsluþátttöku á astmalyfjum.

Þessar breytingar á greiðsluþátttöku á astmalyfjum tók gildi nú um áramótin eins og áður hefur komið fram. Það er því en ekki komin reynsla á hvernig til hefur tekist. Þeir sjúklingar sem þurfa dýrari lyf geta sem kunnugt er sótt um lyfjaskírteini með því að framvísa vottorði frá lækni. Félaginu er ekki kunnugt um annað enn að allir þeir sem hafa á þörf fyrir dýrari lyfin og sótt hafa um lyfjaskírteini hafi fengið skírteini. Astma og ofnæmisfélagið vill hinsvegar hvetja félagsmenn sína og aðra astmasjúklinga að hafa samband við skrifstofu félagsins hafi beiðni þeirra um lyfjaskírteini verið hafnað. Stjórn AO mun á komandi vikum fylgjast vel með því hvaða áhrif hinar róttæku sparnaðaraðgerðir í heilbrigðiskerfinu hafa á astma og ofnæmissjúklinga. Krafa okkar er einföld og sanngjörn, nefnilega að sparnaðaraðgerðirnar skili árangri og að lífsgæði astmasjúklinga versni ekki frá því að verið hefur.

*Sigmar B. Hauksson
formaður Astma- og ofnæmisfélagsins*

Útgefandi: Astma- og ofnæmisfélagið. Síðumúla 6, 108 Reykjavík, sími 560 4814, ao@ao.is, www.ao.is.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigmar B. Hauksson.

Hönnun og umsjón framleiðslu: Sökkólfur ehf. www.dot.is • Prentun: PH prent ehf.